

# Græni söfnudurinn okkar

Græni söfnudurinn okkar vill leiða af sér gleði, þakklæti og undrun í söfnuðum landsins yfir því að vera hluti af sköpunarverkinu. Með því að taka höndum saman er hægt að fara skapandi leiðir að því að standa vörð um þennan heim sem Guð hefur gert og gefið okkur.

---



ÞJÓÐKIRKJAN



Guð, vektu okkur  
svo að við verndum jörðina sem þú elskar.  
Af jörðinni gefur þú okkur vort daglega brauð,  
fegurð til að njóta og stað sem við köllum heimili.  
Gef kirkjunni kjark og skörungsskap  
til að mótmæla ofbeldi gegn jörðinni,  
til að andmæla lygum og afskiptaleysi,  
til að lyfta upp sannleikanum  
og til að boða réttláta framtíð  
fyrir allt mannkyn.  
Amen

Þessi upplýsingabæklingur um kirkjulegt umhverfisstarf er gefinn út til að veita söfnuðum landsins verkfæri og innblástur til að hefjast handa í baráttunni fyrir framtíð jarðar. Á þessum síðum má finna umfjöllun um umhverfisstarf kirkna og safnaða innanlands og erlendis. Einnig er hér leiðarvísir fyrir söfnuði sem vilja taka skrefið og gerast grænir söfnuðir.


**Ítarlegri handbók um umhverfisstarf í kirkjunni má finna á vef umhverfishóps kirkjunnar:**

**[www.kirkjan.is/graenkirkja](http://www.kirkjan.is/graenkirkja)**

Þar er að finna hugmyndir fyrir kirkjuna þína, leiðbeiningar um það hvernig kirkjur geta dregið úr vistspori sínu og fréttir af grænu kirkjustarfi.

Innihald og útlit þessa bæklinga byggir á efni frá grænu kirkjunni í Noregi, Grønn kirke, og er þýddur og aðlagður með hennar samþykki.

[www.gronnkirke.no](http://www.gronnkirke.no)



## AF HVERJU ER KIRKJAN AÐ VINNA AÐ UMHVERFISMÁLUM

Allt í heiminum tengist böndum sem eru dýpri en við getum nokkurn tímann skilið. Frumefnin sem mynda líkama okkar eiga uppruna sinn í kjarna stjarna sem sprungu fyrir milljörðum ára og við deilum DNA með öllu sem lifir. Fyrir okkur sem erum trúuð eru þetta ekki bara vísindaleg sannindi heldur hafa þessi djúpu tengsl líka trúarlega vídd sem snertir tilvist okkar og tilgang. Það er eitt af hlutverkum kirkjunnar að leiða okkur fyrir sjónir að við séum hluti af þessu stóra og magnaða sköpunarverki, dýpka tengsl okkar við náungann og náttúruna og hjálpa okkur að lifa í friði við jörðina.

Kirkjan byggir á boðskap og lífi Jesú frá Nasaret. Að vera kristin þýðir að við tökum orð hans alvarlega, við leyfum þeim að vera grundvöllur hversdagsins og reynum okkar besta til að fylgja friðarveginum eins og hann kenndi lærisveinum sínum.

Þegar við förum að taka mark á orðum á borð við „elska skalt þú náungann eins og sjálfan þig“ þá þurfum við að skilja að náunginn er ekki bara fólk í kringum okkur. Náungarnir eru líka systkini okkar hinum megin á hnettinum. Náunginn eru allar ófæddar kynslóðir sem munu erfa jörð í sárum. Og fyrir sumum okkar er jörðin sjálf náungi okkar. Móðir jörð sem gefur okkur allt sem við þurfum til að lifa, vaxa og dafna.

Sami Guð sem hreyfði við alheiminum í upphafinu svo að allt varð til í Miklahvelli hreyfir við okkur og biður okkur um að fylgja sér. Sú ábyrgð sem hvílir á okkur er að svara því kalli og feta í fótspor Jesú sem fór þangað sem neyðin var stærst. Loftslagsbreytingar, mengun lofta, jarðar og sjávar, þetta er neyðin sem við stöndum frammi fyrir. **Sami kirkja erum við kölluð til að bregðast við þessum vanda á okkar eigin máta.** Við getum kannski ekki breytt heiminum á einu bretti, en vonin sem býr í trú okkar segir okkur að við getum öll gert okkar besta og það mun hafa áhrif.

## HVERNIG HAFI KIRKJUR FÆRT ATHYGLINA AÐ NÁTTÚRUNNI?

Trúarlegt umhverfisstarf er ekki nýtt af nálinni og hefur skotið rótum um allan heim og innan flestra trúarhefða, ekki bara kristni. Í arfi kirkjunnar má finna fólk á borð við Hildigerði frá Bingen og Frans frá Assísí sem lifðu í djúpum tengslum við Guð og náttúru og boðuðu slíkan lífsmáta, en það var fyrst eftir 1960 sem kirkjur fóru markvisst að beita sér fyrir verndun náttúrunnar. Kirkjur hafa víða hafist handa og gert það miðlægt í kærleikspjónustu sinni að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga og stuðla að því að gengið sé betur um náttúruna.

Á Norðurlöndunum má finna samtök grænna kirkna sem hjálpa söfnuðum að verða umhverfisvænni í rekstri og boðun. Meðal þess sem lögð hefur verið áhersla á að gera þar er að taka þátt í verkefninu Fasta fyrir umhverfið, messa undir berum himni, tengja umhverfisfræðslu inn í barnastarf og fermingarstarf kirkna og vinna að því að kirkjan sé sterk siðferðisleg rödd í samfélaginu sem tali fyrir sjálfbærni og réttlæti. Má þá t.d. nefna að biskup frá norsku kirkjunni hefur verið viðstaddur allar loftslagsráðstefnur Sameinuðu þjóðanna frá 2010 og reynt að hafa áhrif á samninganefndirnar svo að þær tækju eindregnari afstöðu með þeim sem upplifa hamfarir loftslagsbreytinga á eigin skinni.



Frans páfi hefur verið ötull talsmaður þess að kirkjur og trúfélög leggi sitt að mörkum fyrir sköpunarverkið. Vorið 2015 sendi hann frá sér umburðarbréf, sem hann nefndi „**Laudato Si. On care for our common home**“, til allra katólskra safnaða. Þar kallar hann eftir því að kirkjurnar beini athygli sinni að jörðinni og vinni gegn

loftslagsbreytingum í orði og verki. Bréfið

hefur reynst gífurlega áhrifamikil og varð

til þess að Frans páfi var fenginn til að ávarpa Sameinuðu þjóðirnar. Þar að auki hefur það orðið innblástur fyrir kirkjur og trúfélög um allan heim að þora að láta sig umhverfismál varða.



Í Simbabve hafa kirkjur landsins tekið höndum saman til að berjast gegn eyðingu skóga með því að taka tiltekin landsvæði í fóstur, vernda þau gegn ólöglegu skógarhöggi og planta þar nýjum trjám. Árlega er haldin risavaxin guðspjónusta þar sem mörg þúsund manns koma saman og planta milljón trjám til að sýna í verki iðrun og yfirbót vegna slæmrar umgengni okkar um jörðina.



Lúterska kirkjan í Jórdaníu og Landinu helga hefur í rúmlega 30 ár reynt að draga úr vatnsskortri og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni í Palestínu sem hvoru tveggja stafar af loftslagsbreytingum. Kirkjan hefur á síðustu áratugum lagt ríka áherslu á að huga að hag komandi kynslóða í Palestínu og rekur því miðstöð um umhverfismál á Vesturbakkanum og stendur að þvertrúarlegu æskulýðsstarfi sem starfrækir umhverfisklúbba í 26 skólum í Palestínu.



Haustið 2017 samþykkti Kirkjubing nýja umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar. Markmið hennar má draga saman í þessum þremur punktum sem tengjast einkunnarorðum kirkjunnar; biðjandi, boðandi og þjónandi. Við *biðjum* fyrir því að allir sem á Íslandi búa vakni til vitundar um nauðsyn þess að umbreyta lífsháttum þannig að markmið í loftslagsmálum og náttúruvernd náist. Við *boðum* lífsmáta sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, sóun orku og matar og notkun skaðlegra umbúða. Við *þjónum* náttúrunni sem allra best öllum í hag, meðal annars með endurheimt votlendis, skógrækt, landgræðslu og vistvænni starfsemi sófnuða kirkjunnar.

*Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á Kirkjubing 2017*



“Ég hef í nokkur ár talað fyrir því í Neskirkju að tengja náttúru og helgihald saman, tengja ræktun blóma/ matjurta við ræktun andans, hugans og líkamans. Það er nokkuð sem kirkjan ætti að vera að þjóna líka. Allt kirkjuárið er meira og minna tengt náttúrunni og um leið og það var aftengt misstum við tengingu við lífið og fólkið. Nú eru þessir helgisiðir bara síðanna vegna en ekki til að fagna birtu, uppskeru o.s.frv. Neskirkja hefur talsverða lóð sem er ekkert nýtt og ég myndi vilja að þar yrði ræktunarsvæði sem hverfi og kirkja kæmu saman í og reglulega yrðu haldnar einhverjar samkomur því tengdu.

Við höfum þegar gert eitt og annað á þessu sviði, m.a. staðið fyrir haustfagnaði og eldað mat úr heimaræktuðu grænmeti og við Tómas Ponzi stóðum að ræktunarmessu í vor. Þá hefur Neskirkja gróðursett birkitré með fermingarbörnum í Heiðmörk undanfarin ár, eitt tré fyrir hvert fermingarbarn.”



*Steingrímur Þórhallsson,  
garðyrkjumaður og organisti  
Neskirkju*

“Í Keflavíkurkirkju fengum við starfsmenn Umhverfisstofnunar á fund til að ræða hvernig við gætum orðið grænni. Í framhaldinu fórum við að flokka rusl sem var ekki almennt gert í sveitarfélaginu. Við kaupum aðeins umhverfismerktar hreinlætisvörur og allt starfsfólk kirkjunnar hjólar eða gengur til vinnu. Til að spara pappír og blek í það væddum við kórinn og nú hlaða þau nótnum niður fyrir messur og tónleika. Við fengum pípara til að leiðbeina okkur með hitaveitukerfið og við nánast slökkvum á því í apríl, það getur orðið örlítið kalt en við spörum mikið á því, bæði orku og peninga. Við rifum upp runna í garði kirkjunnar og komum upp matjurtagarði þar sem við ræktum grænmeti sem er notað í uppskerusúpur eftir messu á haustin, einnig sultum við rabarbara og nýtum í hjónabandsælur vetrarins. Það sem er næst á dagskrá er að koma upp hjólaskýli við kirkjuna.”

*Sr. Erla Guðmundsdóttir,  
sóknarprestur Keflavíkurkirkju*



02

GUÐSPJÓNUSTULÍF

01

RÓTFESTING Í  
SAFNAÐARLÍFINU

03

KÆRLEIKSPJÓNUSTA,  
FRÆÐSLA OG BOÐUN

GRÆNN  
SÖFNUÐUR

04

UPPLÝSINGAR  
OG SAMVINNA

05

ORKA OG  
SAMGÖNGUR

06

INNKAUP, NEYSLA  
OG SORP

Loftslagsbreytingar hafa áhrif á hversdaginn okkar. Manneskjur, dýr og plöntur eru í neyð því forsendur lífs þeirra og tilveru eru að breytast. Vísindamenn hafa slegið því föstu að lífshættir mannkyns séu rót vandans og ítrekað nauðsyn þess að við breytum hegðun okkar. Sem kirkja höfum við köllun til að standa vörð um sköpunarverkið og fylgja Jesú Kristi, en hvað þýðir það fyrir okkur í dag? Hvernig getum við hugsað hnattrænt en gripið til aðgerða í nærsamfélaginu?

„Grænn söfnuður“ er verkfæri fyrir kirkjur landsins til að mæta þessum áskorunum. Safnaðarfolk getur sameinast um fjölbreytt og aðgengileg verkefni sem tengjast öllu frá guðsþjónustunni og fermingarstarfinu, til kirkjukaffisins og þrifa á kirkjurýminu. Verkefnin eru hugsuð til stuðnings og innblásturs en ekki sem tékklisti sem fylla eigi út og líta svo á að markmiðinu sé náð. Það að gerast grænn söfnuður þarf ekki að krefjast mikils tíma eða kosta mikið, hins vegar gæti það skapað samfélag þvert á kynslóðir og búið til tengingar milli fólks sem tekur þátt í ólíkum hlutum í kirkjunni.

### Að verða grænn söfnuður

Með því að gæta að sköpunarverkinu erum við að sýna náungakærleik í verki, bæði gagnvart komandi kynslóðum og gagnvart þeim sem eru að upplifa náttúruhamfarir hér og nú vegna loftslagsbreytinga. Að gerast grænn söfnuður er leið til að svara kalli Guðs um að við eigum að gæta að náunga okkar og náttúrunni. Að vera grænn söfnuður snertir kjarna þess að vera þjónandi og boðandi kirkja sem vill fylgja Jesú Kristi í verki.

Til að verða grænn söfnuður er hægt að fara þrjár leiðir.

1. Þessi bæklingur er hugsaður fyrir söfnuði sem eru að taka sín fyrstu skref í umhverfisstarfi. Hann markar leiðina að því að getað orðið grænn söfnuður.
2. Einnig má fylgja Ljósaskrefinu sem umhverfisstarf kirkjunnar gaf út árið 2007 og er aðgengilegt á vef umhverfisstarfsins.


3. Stærri söfnuðir sem eru komnir áleiðis í umhverfisstarfi og vilja fá utanaðkomandi vottun á sínu starfi geta fylgt verkefninu Græn skref í ríkisrekstri sem Umhverfisstofnun heldur utan um. Kynningu á því má finna á vef umhverfisstarfsins.

### Leiðin okkar að því að verða grænn söfnuður

- Sóknarnefnd kirkjunnar velur í samráði við starfsfólk safnaðarins 25 verkefni af þeim sem eru kynnt í bæklingnum „Græni söfnuðurinn okkar“ - og að minnsta kosti tvö af hverju sviði.
- Sóknarnefnd ályktar í fundargerð að söfnuðurinn verði grænn söfnuður og fer árlega yfir markmiðin og verkefnin sem unnið er að.
- Söfnuðurinn hefur samband við umhverfisnefnd kirkjunnar og lætur skrá sig sem grænan söfnuð.

Þar með er söfnuðurinn orðinn hluti af samfélagi grænna kirkna um allt land sem vilja vinna að betri framtíð fyrir okkur öll.

Munið að það að verða grænn söfnuður er ferli. Áhugangur þarf að glæða reglulega og hægt er að setja sér ný markmið til að teygja sig lengra og lengra.



01

## RÓTFESTING Í SAFNAÐARLÍFINU

Til að vinnan að grænum söfnuði hafi merkingu fyrir þau sem taka þátt í safnaðarstarfinu er nauðsynlegt að verkefnið fái rótfestu í söfnuðinum. Allir í söfnuðinum þurfa að geta tekið þátt í verkefninu og það að standa vörð um sköpunarverkið er ekki bara fyrir þau sem eru áhugasöm um náttúruvernd.

Veljið að minnsta kosti tvennt:

- Við munum ræða umhverfis- og réttlætisstarf á aðalfundi safnaðarins og marka þar stefnu fyrir starf vetrarins.
- Við munum stofna umhverfishóp í söfnuðinum sem mun taka þátt í að skipuleggja umhverfisstarfið.
- Við munum sjá til þess einn úr starfslíði safnaðarins beri sérstakar skyldur gagnvart umhverfisstarfinu.
- Við munum láta sóknarnefndina bera ábyrgð á því að daglegur rekstur safnaðarins verði sem umhverfisvænstur.
- Við munum taka þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri hjá Umhverfisstofnun.
- Við munum taka þátt í umhverfisstarfi í nærsamfélaginu og tengja kirkjuna þannig við fólk og félög utan kirkjunnar sem vinna að umhverfisstarfi.

02

## GUÐSPJÓNUSTULÍF

Að vera grænn söfnuður setur mark sitt á allt safnaðarlífið og snýst um að skapa umhverfisvæna afstöðu gagnvart lífinu og tilverunni. Þetta snýst ekki um að setja sig á háan hest siðferðislega heldur að við glæðum loga vonar, ábyrgðar og þakklætis hvert hjá öðru svo að við getum óhrædd mætt þeim verkefnum sem loftslagsbreytingar munu færa okkur.

Veljið að minnsta kosti tvennt:

- Við munum gefa rými fyrir umhverfismál, neysluhyggju og réttlæti í bænum, helgihaldi, söngvum og sálumum.
- Við munum hvetja til þess að umhverfis- og réttlætismál verði rædd í prédikunum og í boðun kirkjunnar.
- Við munum taka þátt í Tímabili sköpunarverksins og standa að þemaguðspjónustu tengdri náttúrunni og sköpunarverkinu.
- Við munum standa að þemaguðspjónustu með áherslu á náungakærleik í garð þeirra sem upplifa náttúruhamfarir vegna loftslagsbreytinga og afleiðinga neysluhyggju okkar.
- Við munum taka þátt í að safna fé til styrktar umhverfisverkefnum, hvort sem er fyrir umhverfisstarf á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar eða annarra hjálparsamtaka.



### KÆRLEIKSÞJÓNUSTA, FRÆÐSLA OG BOÐUN

Umhverfi, neysla og réttlæti eru þemu sem eiga að snerta daglegt líf safnaðarins, ekki aðeins guðsþjónustuna.

Notið fermingarfræðsluna, barnastarfið, fræðslukvöld og kærleiksþjónustuna til að koma því á framfæri.

Veljið að minnsta kosti tvennt:

- Við munum vefa umræðu um umhverfið, neysluhyggju og réttlæti inn í barna- og æskulýðsstarf safnaðarins.
- Við munum gera baráttu fyrir sköpunarverkinu og réttlæti í heiminum að markmiðum í kærleiksþjónustu safnaðarins.
- Við munum standa fyrir skiptimörkuðum, flóamörkuðum eða gefa rými fyrir annað skapandi framtak.
- Við munum standa að þemakvöldum þar sem áherslan verður á umhverfið, loftslagsmál, neysluhyggju og réttlæti.
- Við munum taka þátt Vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar.
- Við munum hefja samstarf við Breytendur, Changemakers, í unglingastarfi kirkjunnar.
- Við munum vinna að samstarfi við náttúruverndarsamtök og umhverfishópa.
- Við munum vinna að umhverfisverkefnum í barna- og unglingastarfinu sem teygja sig út fyrir kirkjuna og reyna að hafa áhrif á nærsamfélagið.

### UPPLÝSINGAR OG SAMVINNA

Það að vinna með öðrum getur glætt von og orðið til að skapa nýjar lausnir. Sem söfnuður getum við reynt að hafa áhrif á samfélagið sem við erum hluti af. Við getum unnið með góðu samverkafólki í samfélaginu að því markmiði að gera samfélagið okkar sjálfbærara og auka lífsgæði komandi kynslóða.

Veljið að minnsta kosti tvennt:

- Við munum miðla efni um umhverfi, loftslag, neyslu og réttlæti í gegnum þær boðleiðir sem söfnuðurinn notar (facebook, instagram, safnaðarblað).
- Við munum kynna umhverfisverkefni kirkjunnar fyrir safnaðarfólki.
- Við munum tala fyrir því að sveitarfélagið okkar marki sér stefnu um að versla aðeins FairTrade og umhverfisvottaðar vörur.
- Við munum hvetja verslanir í samfélaginu til að leggja áherslu á að bjóða uppá FairTrade, lífrænar og svansmerktar vörur.
- Við munum hvetja fyrirtæki, íþróttafélög og samtök innan okkar sóknar til að vinna að því að fá umhverfisvottanir fyrir rekstur sinn.
- Við munum skora á stjórnmalafólk í okkar kjördæmi og sveitarfélagi að taka til hendinni í umhverfis- og réttlætismálum.



## ORKA OG SAMGÖNGUR

Söfnuðirnir í landinu geta reynt að vera góðar fyrirmyndir fyrir nærsamfélagið varðandi það hvernig við getum gengið um náttúruna af virðingu.

Veljið að minnsta kosti tvennt:

- Við munum nota LED eða spærperur í kirkjunni.
- Við munum hvetja söfnuðinn til að ganga eða hjóla til kirkju þegar hægt er.
- Við munum sjá til þess að það sé góð aðstaða fyrir hjól við kirkjuna.
- Við munum draga úr akstri í safnaðarstarfinu og bílar á vegum kirkjunnar skulu ekki vera á nagladekkjum nema brýna nauðsyn beri til.
- Við munum gera starfsfólki safnaðarins kleyft að geta hlaðið rafbíla á vinnustað sínum.
- Við munum hvetja sveitarfélagið til að fjölga hjólastígum svo að auðveldara sé að nota hjól sem samgöngutæki.
- Við munum fylgja leiðbeiningum um orkusparnað sem finna má á vef umhverfisstarfs kirkjunnar.



## INNKAUP, NEYSLA OG SORP

Söfnuðurinn getur orðið umhverfisvænni með breytingum í daglegum rekstri og venjum. Það að gæta að sköpunarverkinu felur í sér að við drögum úr kolefnisfótspori safnaðarins. Ekkert skref er of lítið því að litlu skrefin koma okkur líka áfram.

Veljið að minnsta kosti tvennt:


- Við munum kaupa eins lítið og við getum, íhuga að kaupa notað þegar mögulegt er, laga það sem er bilað frekar en að henda því og við höfnum notkun á einnota vörum.
- Við munum kaupa Fair Trade merktar vörur eða vörur með aðrar umhverfis- og réttlætisvottanir.
- Við munum velja að kaupa mat úr héraði og lífrænan mat þegar hægt er, auk þess að við drögum úr kjötneyslu í safnaðarstarfinu.
- Við munum kaupa umhverfisvottaðar hreinlætis- og ræstivörur.
- Við munum velja að eiga viðskipti við fyrirtæki sem eru með umhverfisvottanir, t.d. umhverfisvottaðar prentsmiðjur.
- Við munum ekki kaupa einnota drykkjarmál og borðbúnað.
- Við munum flokka pappír, plast og lífrænan úrgang.
- Við munum fylgja leiðbeiningum um innkaup og flokkun sem finna má á vef umhverfisstarfs kirkjunnar.

### EIGIN VERKEFNI

Söfnuðurinn þinn getur auk þess sett sér eigin markmið og unnið að verkefnum sem henta kirkjunni ykkar og samfélaginu ykkar.

Í handbók um umhverfisstarf í kirkjunni sem er að finna á vef kirkjunnar má finna hugmyndir og sögur sem geta veitt innblástur. Finnið leiðir til að styðja ykkar samfélag í því verkefni að mæta loftslagsbreytingum og umhverfisvandanum af ábyrgð. Verið dugleg að deila því sem þið gerið með okkur og umheiminum svo að við kveikjum von og áhuga hjá hvort öðru.

- .....
- .....
- .....
- .....
- .....
- .....
- .....
- .....





### Til að verða grænn söfnuður þarf að:

- Velja 25 verkefni úr þessu hefti og vinna að þeim.
- Staðfesta það á sóknarnefndarfundum að nú eigi að vefa umhyggju fyrir sköpunarverkinu inn í boðun og starf safnaðarins.
- Skrá sig hjá umhverfisnefnd kirkjunnar til að fá stuðning og efni til notkunar í safnaðarstarfinu.

### Viltu að kirkjan þín byrji að vinna að umhverfisstarfi?

Hringdu, sendu tölvupóst eða heimsæktu kirkjuna og láttu þau vita!

### Blessun fyrir brennandi hjörtu

Megi Guð blessa þig með óbeit á einföldum svörum, hálf sannleik og yfirborðsmennsku, svo að þú lifir í djúpinu sem býr í hjarta þínu.

Megi Guð blessa þig með reiði yfir ranglæti, kúgun og misnotkun, svo að þú vinnir að réttlæti, frelsi og friði.

Megi Guð blessa þig með tárum yfir þeim sem þjást, í stríði og neyð, af hungri og umkomuleysi, svo að þú réttir út hönd til huggunar.

Megi Guð blessa þig með þeirri einfaldni að hafa trú á að þú getir breytt heiminum, svo að þú gerir það sem aðrir telji ómögulegt.

Megi blessun Guðs, Skaparans, Frelsarans og Lífsgjafans vera með þér nú og um alla tíð.

*(Úr handbók um umhverfisstarf í kirkjunni)*